



Alþingi
Erindi nr. P 139/2372
komudagur 10.5.2011



Reykjavík 9. maí 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum. Þskj. 1290 — 747. mál.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á grunnmenntun án endurgjalds og menntun á að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum. Jafnframt eiga börn rétt á vernd gegn öllu ofbeldi. Öll börn skulu njóta þessa réttar án tillits til stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að grunnskólar á Íslandi tryggi börnum þessi réttindi.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja hér koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. Athugasemd við 1. gr. frumvarpsins sem er breyting á 5. gr. laganna.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna 1. grein frumvarpsins sem felur í sér að gefa eigi meiri gaum að málefnum er varða skólagöngu fósturbarna sbr. tillögu um breytingu á 5. grein laga um grunnskóla. Samtökin taka undir nauðsyn þess að eyða óvissu um möguleika móttökuskóla til að koma til móts við þarfir fósturbarna. Samtökin leggja til að kveðið verði skýrar á um skyldu grunnskóla, sem tekur við fósturbarni, um móttökuáætlun vegna fósturbarns. Að þessu er vikið í greinargerð, einkum með vísan til barna með annað móðurmál en íslensku þar sem segir m.a. að eðlilegt sé að í tilvikum fósturbarna sé gerð móttökuáætlun um skólavist barnsins. Í frumvarpinu er þó ekki lögð til breyting sem kveður skýrt á um þetta. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að kveðið sé á um þetta atriði í lögum sjálfum og leggja til að við lok 2. mgr. 16 greinar bætist „ákvæði um móttökuáætlun tekur m.a. til fósturbarna“.

2. Athugasemd við 2. gr. frumvarpsins sem er breyting á 8. gr. laganna.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja að allir skóla eigi að starfrækja skólaráð og ekki sé ástæða til að setja inn ákvæði um tímabundið ákvæði um undanþágu á slíku. Í fámönnum skólum geti skólaráðin þó fengið heimild til að vera skipuð færri fulltrúum.

Barnaheill - Save the Children Iceland - Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

3. Athugasemd við 4. gr. frumvarpsins sem er breyting á 26. gr. laganna.

Í greininni er gert ráð fyrir að að minnka eigi vægi valgreina á unglíngastigi og jafnframt er tímabundið bráðabirgðaákvæði sem frestar gildistöku á rétti grunnskólanemenda til að stunda samhlíða einingabært nám í framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að þessi réttur grunnskólanemenda verði virkjaður að nýju 1. ágúst 2013.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja þessar breytingar varhugaverðar, þar sem þær mismuna nemenendum og minnka möguleika þeirra á að stunda nám við hæfi. Hætta er á að með fábreyttara vali muni ekki vera komið til móts við mismunandi þarfir og hæfileika nemenda. Mikil hætta er á að verklegar valgreinar muni síður vera í boði.

Með bráðabirgðaákvæðinu um að fresta gildistöku á rétti nemenda til að stunda einingabært framhaldsskólanám, er nemenendum jafnframt mismunað. Hætta er á að þau börn sem hafa þroska og getu til að taka hluta af námi sínu í framhaldsskóla fái þá ekki nám við hæfi. Samkvæmt frumvarpinu er þetta jafnframt mismunun á börnum eftir því hvenær þau eru í grunnskóla. Þau börn sem verða á unglíngastigi grunnskóla 2011- 2013 munu þá ekki njóta þess að geta stundað einingabært nám í framhaldsskóla eins og þeir nemendur sem fyrr voru í grunnskóla og munu síðar verða þar.

4. Athugasemd við 6. gr. frumvarpsins sem er breyting á 30. grein laganna.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna breytingartillögu er varðar 30. gr. laga um grunnskóla þar sem m.a. er kveðið á um heildstæða stefnu til að varna ofbeldi í skólalastarfi og um áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu skv. barnaverndarlögum. Samtökin telja mikilvægt að í öllum skólum sé stefna um hvernig bregðast eigi við hvers konar ofbeldi gegn börnum. Samtökin leggja jafnframt áherslu á að í skólum séu áætlanir um hvernig skuli fyrirbyggja hvers kyns ofbeldi og að eftirlit og eftirfylgni sé með áætlunum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir heimildarákvæði um ráðgefandi fagråd í eineltismálum. Barnaheill - Save the Children á Íslandi líta svo á að einelti sé eitt form ofbeldis, og mjög alvarlegt alvarlegt, en ekki sé ástæða til að skipa því einu sess með þessum hætti. Áhrif og afleiðingar ofbeldis eru margþættar og oft mjög alvarlegar og stundum er erfitt að greina ofbeldið. Í því sambandi vilja samtökin vísa til umfjöllunar um nauðsyn þess að skólar fræði um og taki á grun um ofbeldi sem nemendur búa við á heimilum sínum. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja að ekki sé ástæða til að kljúfa einelti frá öðru ofbeldi. Farsælla sé að heimildarákvæði geri ráð fyrir fagræði sem nái til allra forma ofbeldis, en sjá þó neðar fyrirvara um að skýra þurfi hlutverk slíks ráðs ef að verður.

Í 6. grein frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um heimild til að starfrækja ráðgefandi fagråd í eineltismálum á vegum ráðuneytis. Í greinargerð kemur fram að hægt verði að vísa þangað erfiðustu eineltismálunum sem ekki tekst að leysa á vettvangi viðkomandi skóla eða sveitarfélags. Þetta er óljóst og gæti falið í sér að ráðið verði eins konar lausnarteymi á afmörkuðu sviði ofbeldistengdra vandamála. Spurning vaknar um

hver mörkin séu á milli fagráðsins og hlutverks barnaverndarnefnda. Minnt skal á að nemendur í efri bekkjum grunnskóla eru börn í skilningi laga og úrræði sem að lúta að erfiðustu málum þeirra ber að leysa í samstarfi barnaverndarnefnda og skóla, sbr. ákvæði um samstarfsskyldu þessara aðila. Árangur næst með samfelli og samstarfi en ekki með því að fella mál í marga ólíka farvegi. Erfið mál af þessu tagi hafa oft ólíka fleti og of margir lausnaraðilar skapa hættu á að heildarsýn tapist þar sem menn sinna einungis einni hlið máls hver í sínu horni.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja jafnframt til að orðið **forráðamaður** verði breytt í **forsjáraðili** ef átt er við þann aðila sem fer með forsjá barns, í setningunni: *Foreldrum ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Sama á við um aðra forráðamenn barna í viðkomandi skóla.* Slíkt er í samræmi við orðanotkun í bamalögum og barnaverndarlögum


5. Athugasemd við 7. gr. frumvarpsins sem er breyting á 40. gr. laganna.

Í 7. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir undanþágu frá 4. mgr., 40. greinar laganna um heimild til undanþágu frá því að við skóla starfi nemendaverndarráð. Barnaheill - Save the Children Íslandi telja vafasamt að veita slíka undanþágu á meðan þekkingu skortir. Mótsögn felst í á annan bóginn tillögu um undanþágu og á hinn bóginn tillögu um aukið utanumhald um tilkynningarskyldu skv. barnaverndarlögum og viðspyrnu vegna ofbeldis í skólastarfi.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi benda á að þrátt fyrir langa sögu nemendaverndarráða í íslenskum skólum hefur lagaleg framþróun þeirra verið hæð. Hugmyndir um nemendavernd í skólum virðist hafa borist hingað til lands í lok 8. áratugar 20. aldar aldar frá Svíþjóð með fagstéttum sem hlutu menntun sína þar og hófu störf hér á landi. Það tók löggjafann hér á landi 20 ár að lögfesta nemendavernd í skólum. Að því er Barnaheill - Save the Children á Íslandi er best kunnugt hefur ekki farið fram heildstæð rannsókn á störfum nemendaverndarráða. Vísbendingar eru um ólíkar stefnur og framkvæmd þar sem áhersla hefur ýmist verið lögð á umfjöllun vegna einstaklingsbundinna vandkvæða eða á forvarnarstarf. Sumir skólar hafa auk þess komið á fót svonefndum lausnateymum auk nemendaverndarráða. Þetta bendir til þess að heildstæða stefnu skorti á þessu sviði og úr því þarf að bæta.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla - Save the Children, á Íslandi


Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri